

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2016/EES/05/48

frá 30. október 2013

um breytingu á ákvörðun 2007/742/EB í því skyni að lengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir rafknúnar eða gasknúnar varmadælur eða gasísogsvarmadælur

(tilkynnt með númeri C(2013) 7154)

(2013/633/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB ⁽¹⁾, einkum c-lið 3. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákvörðun 2007/742/EB ⁽²⁾ fellur úr gildi 31. desember 2013.
- 2) Unnið hefur verið mat til að leggja mat á mikilvægi núverandi vistfræðilegu viðmiðananna og það hversu viðeigandi þær eru, sem og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun sem komið var á með þessari ákvörðun. Með tilliti til þess á hvaða stigi þessi ákvörðun er stödd í endurskoðunarferlinu er rétt að framlengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun sem settar eru fram í henni. Framlengja ætti gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun, sem settar eru fram í ákvörðun 2007/742/EB, til 31. október 2014.
- 3) Því ber að breyta ákvörðun 2007/742/EB til samræmis við það.

- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2007/742/EB komi eftirfarandi:

„4. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „rafknúnar eða gasknúnar varmadælur eða gasísogsvarmadælur“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. október 2014.“

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 78, 24.3.2015, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 319/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

⁽²⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/742/EB frá 9. nóvember 2007 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir rafknúnar eða gasknúnar varmadælur eða gasísogsvarmadælur (Stjtið. ESB L 301, 20.11.2007, bls. 14).